



LEIÐBEININGAR UM VIÐHALD OG NOTKUN

pro tec

windows

GLUGGAIÐNAÐURINN

Samtök gluggaframleiðenda, sem voru stofnuð 1977, er fagfélag tæplega 100 danskra glugga- og útihurðaf framleiðenda.

Markmið samtaka gluggaframleiðenda er að gæta sameiginlegra hagsmuna greinarinnar og í því sambandi hefur öryggi notandans við kaup á gluggum og útihurðum forgang.

Annað mikilvægt verkefni samtakanna er vinna við gerð tæknilegra ákvæða sem eru notuð sem viðmið í gæðaeftirliti DVC, Dansk Vindues Certificering (Dönsk gluggavottun).

Þessi tæknilegu ákvæði tryggja bestu hugsanlega framleiðslu á gluggum. Það gildir jafnt um virkni og endingu, auk þess sem sífellt meira tillit er tekið til orku- og umhverfissjónarmiða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna, www.vinduesindustrien.dk.

EFNISYFIRLIT

01		
Almennt viðhald		4
02		
Virkni gluggans, notkun og viðhald		11
Toppengdur gluggi		12
Veltigluggi		12
Fastur karmur		13
Toppstýrður gluggi		13
Hliðarhengdur gluggi		14
Hliðarstýrður gluggi		14
Tvívirkur gluggi		15
Útihurðir		15
Tvívirk hurð		16
Svalahurð		16
Rennihurð með tvívirkri opnun		17
Utanáliggjandi rennihurð		17
Rennihurð		17
03		
Loftræsting		19
04		
Ábyrgðaryfirlýsing og ábyrgðarskilmálar framleiðanda		22

01

ALMENNT VIÐHALD

ALMENNT UM VIÐHALD

Viðhald á PRO TEC classic gluggum er mjög auðvelt. Ytra borðið, sem er úr áli, er þolið gagnvart veðri og einungis þarf að þvo það nokkrum sinnum á ári til að fjarlægja óhreinindi af yfirborðinu.

Hreyfanlega hluta skal smyrja eftir þörfum, að minnsta kosti einu sinni á ári. Einnig er bent á leiðbeiningar um tilteknar einingar í kafla 02. Ef stjórnskinnum, þéttlistum o.þ.h. er haldið hreinum, heldur glugginn fullri virkni í mörg ár.

ÞRIF

Eftir ísetningu skal verja gluggana með plasti.

Við fyrstu þrif eftir að lokið hefur verið við bygginguna skal ávallt þrifa gluggana vel með vatni. Almenn gluggaþrif er auðveldast að framkvæma með klút eða bursta og gúmmísköfu. Þvoið með volgu vatni ásamt örlitlum hreingerningarlegi og skafið síðan rúðuna með gúmmísköfu. Í lokin þarf að strjúka af köntum og neðstu flötunum með þvottaskinni eða þurrum klút.

Ef aðstæður við gluggaþrifin leyfa ekki að vatn fari niður eða ef glerfletirnir eru mjög litlir, er hægt að þrifa glerið með venjulegum rúðuúða. Karma og ramma skal hins vegar þrifa með klút sem undinn hefur verið upp úr vatni með hreingerningarlegi. Ef notaður er harður bursti, skrúbbur eða stálull er hætta á rispum og slíkt ber því að varast.

Þéttlistana má ekki þrifa með upplausnarefni eins og bensíni, þynni o.þ.h. Hugsanlegt myglulag eða yfirborðsmyglu á glerböndum má fjarlægja með klór.



GLERSKIPTI Í OPNANLEGUM FÖGUM/LOKUÐUM FÖGUM

Tvöfalda glerið í gluggum okkar og hurðum er í samræmi við kröfur frá Dansk Vindues Certificering. Ísetning tvöfalda glersins fer fram í samræmi við forskriftir um samsetningu frá Samstarfsfélagi gleriðnaðarins (GS). Glerkubbarnir skulu þó lagðir 10 mm frá hliðarkörmum/póstum. Þetta er gert til að komast hjá því að lárétti pósturinn svigni undan þunga glersins.

Gler tekið úr opnanlegum fögum

1. Glerjunarborðinn að innanverðu er tekinn varlega úr – t.d. með spartlspaða.
2. Þar til gerðum lykli, 19 mm, sem hægt er að nálgast hjá BM Vallá er stungið inn á milli viðarramman og rúðunnar og plastkubbum snúið 90° þannig að hann losni frá áframmanum. Plastkubbarnir eru með u.þ.b. 150 mm millibili.
3. Viðarrammanum er lyft af og rúðan tekin úr (við endurisetningu er klemmuni snúið 90° og ramminn sleginn í með gúmmíhamri).

Gler tekið úr föstum körmum

1. Glerjunarborðinn að innanverðu er tekinn úr – t.d. með spartlspaða – og rúðunni þrýst inn.
2. Utanálíggjandi glerlisti losaður, t.d. með spartlspaða úr plasti, sem þrýst er inn á milli kantsins og glerlistans – þar til glerlistinn sleppir raufinni. Gætið þess að eyðileggja hvorki málaða álkarminn né glerið.
3. Rúðunni lyft úr karminum. (Við endurisetningu er glerlistanum þrýst aftur í raufina). Glerjunarborðinn að innanverðu (á milli rúðu og viðarkarmsins að innanverðu) er settur í síðast með því að þrýsta honum niður á milli glersins og viðarkarmsins. Það er auðvelt að þrýsta glerjunarborðanum niður aftur ef borið er svolítið sápuvatn á gler og lista áður.

Almennt um glerjunarborða

Glerjunarborðarnir þurfa ekki neitt sérstakt viðhald en mælt er með að skoða þá einu sinni á ári til að kanna hvort einhvers staðar sé óþétt – sérstaklega á þetta við um glerjunarborðann í botni gluggans. Ef borðinn hefur losnað í hornunum er mjög auðvelt að þrýsta honum saman aftur.

VIÐHALD Á VIÐARKARMI

Þar sem áhluti gluggans þekur viðarkarminn og veitir honum vörn gegn regni og sól snýst viðhaldið oftast eingöngu um að breyta eða fríska upp á litinn á glugganum. Rétt er þó að fylgjast með sliti á yfirborðslagi þess hluta karmsins sem snýr út.

Hreinsun

Öflug undirbúningsvinna hefur afgerandi áhrif á endingu og viðloðun yfirborðsefnisins. Fyrst skal þvo yfirborðið vandlega (ekki nota uppþvottalög). Öll laus málning er fjarlægð með sköfu og slípuð niður í ljósan viðinn.

Grunnun

Hreinn viðurinn er grunnaður með grunnmálningu. Þegar hún er þornuð eru allir fletir slípaðir létt með fínnum sandpappír og rykið fjarlægt með burstu og klút.

Lokameðhöndlun

Að lokum eru málaðar tvær umferðir. Við mælum með að notuð séu efni sem eru byggð á alkýðgrunni eða vatnsþynnanleg plastalkýð efni, annaðhvort málning eða þekjandi viðarvörn.

ATHUGIÐ!

Ekki er ráðlegt að nota hreina akrílmálningu í lokaumferð í fölsum þar sem þéttlistar hafa tilhneigingu til að festast við slíkt yfirborð. Ef akrílmálning er notuð þarf að bera parafín á þann hluta falsins sem er í snertingu við þéttlistann.

Hollráð

- Lesið alltaf notkunarleiðbeiningar á umbúðum varanna vel áður en ráðist er í verkið.
- Allir fletir skulu vera þurrir og lausir við óhreinindi og ryk áður en hafist er handa.
- Ekki má mála neina þéttlista eða hreyfanlega hluti í lómum og hengslum.
- Ekki má mála yfir ábyrgðarmerkinguna.
- Auðveldast er að mála að kanti ef notað er málningarlímband.
- Notið góðan pensil í réttri breidd.
- Aldrei vinna blautt í blautt, með því er komist hjá skörun.
- Hafðið alltaf tusku og plastpoka við höndina. Tuskan er notuð til að þurrka mistök eða leka frá penslinum, plastpokinn er notaður til að pakka penslinum inn við stutt hlé.
- Opnanleg fög má ekki opna fyrr en efnið hefur þornað alveg.

VIÐHALD Á HARÐVIÐI

(tekk og mahóni)

Til að varðveita hina góðu eiginleika og glæsilegt útlit harðviðarins þarf að tryggja stöðugt viðhald. Ef viðurinn þornar getur það haft áhrif á eiginleika hans.

Allar einingar úr harðviði frá PRO TEC eru grunnaðar með olíuefni, sem heftir myglu, gró- og myglusveppamyndun. Kaupandi þarf sjálfur að sjá um lokameðferð, í fyrsta skipti strax að lokinni ísetningu/afhendingu.

Viðarolía sem borin er á annaðhvort með rökum klút eða léttum stökum með pensli er notuð í yfirborðsmeðferðina – rétt er að fara tvær umferðir. Reikna skal með viðhaldi á olíumeðhöndluðu yfirborði að minnsta kosti annað hvert ár eða þegar merki sjást um að viðurinn sé farinn að þorna.

PRO TEC veitir ábyrgð á harðviðarfögum úr mahóni og tekki að því tilskildu að fylgt hafi verið fyrirmælum um viðhaldsaðferðir. Harðviðarfög eru framléidd úr öðrum viði að ósk viðskiptavinarins en í slíkum tilvikum er ekki veitt ábyrgð.



VIÐARKVOÐUHNÚÐAR (HARPIX)

Viður er lifandi efni. Það þarf því að sætta sig við að viðarkvoðuhnúðar geti myndast undir málningunni, sérstaklega í kringum kvisti, jafnvel þótt yfirborðsmeðferðin sé eins og best verður á kosið. Ef viðarkvoðan fer í gegnum málninguna í litlum dropum er hægt að fjarlægja hana með spritti. Ef viðarkvoðan situr í hnúðum undir málningunni er rétt að láta líða 2 - 3 ár áður en yfirborðið er endurunnið. Þá er hægt að skafa og slípa viðarkvoðuna í burtu áður en málað er á ný. Með tímanum getur smitast gulur litur í gegnum málninguna frá kvistum, einkum ef um ljósa liti er að ræða.

Sjá einnig upplýsingablaðið „Forventet udfald af industrielt overfladebehandlede træelementer“ sem hægt er að fá hjá þjónustudeild PRO TEC og á www.protecvinduer.com eða hjá BM Vallá í síma 412 5000.

FÚGUR Á MILLI KARMS OG VEGGJAR

Til eru fjölmörg fúguefni sem nota má milli karmsins og ytri múrsins.

Tvö algengustu efnin eru:

- Plastískt eða teygjanlegt fúguefni
- Tjöruborði
- Áfellur úr málm

Mikilvægt er, ef viðarkarmarnir eiga að endast, að fúgan sé heil. Því ber að kanna fúgurnar að minnsta kosti einu sinni á ári. Ef merki eru um leka skal lagfæra hann með sama efni og fyrir er. Ef um meiriháttar leka er að ræða skal skipta um alla fúguna. Þegar slíkt kemur upp er rétt að leggja mat á hvort önnur fúgugerð væri heppilegri en sú sem fyrir er. Þar sem hús eru klædd með ál- eða stálklæðningu skal notast við áfellur úr sama efni. Starfsmenn BM Vallá veita nánari upplýsingar um notkun þeirra við gluggann.

ÞÉTTILISTAR

Allir PRO TEC classic gluggar og hurðir eru með slitsterkum og veðurþolnum þéttilistum úr EPDM eða Santopren. Það má ekki mála þéttilistana eða bera á þá viðarvörn. Sumar gerðir af plastmálningu geta loðað fast við þéttilistana þegar þær þorna, en plastalkýðmálning og alkýðolíumálning skapa ekki slík vandamál.

Flest viðloðunarvandamál sem tengjast plastmálningu má leysa með því að bera talkúm eða parafín bæði á þéttilistana og álagsfleti. Ef þetta dugar ekki, getur verið nauðsynlegt að mála álagsfletina með alkýðolíumálningu.

Ef þéttilisti skemmist er hægt að fá nýjan hjá BM Vallá með því að gefa upp pöntunar- eða reikningsnúmer.

FORVARNIR VEGNA SELTU OG RYÐS

PRO TEC gluggarnir uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til glugga vegna hættu á tæringu samkvæmt reglum frá Dansk Vindues Certificering. Undir venjulegum kringumstæðum eru PRO TEC gluggarnir viðhaldslausir en undir stöðugu álagi vegna vatns og seltu í lofti getur verið hættu á ryðmyndun á búnaði glugganna. Því er mjög áriðandi að slitfletir á búnaði glugganna séu smurðir með sýrulausri olíu strax eftir uppsetningu og í það minnsta einu sinni á ári eftir það. Einnig er nauðsynlegt að loka smurgötum á lömum með feiti eða vasilini til að tryggja að saltvatn komist ekki í slitfleti. Athugið einnig að almenn regluleg þríf á ytri hlutum glugganna eru körmum, póstum og rúðum nauðsynleg við aðstæður þar sem selta í lofti er mikill.

Með því að fylgja þessum forvörnum er það tryggt að PRO TEC gluggarnir munu virka eins og til er ætlast um ókomin ár.





02

VIRKNI GLUGGANS NOTKUN OG VIÐHALD

HLUTAR GLUGGANS





TOPPHENDUR GLUGGI

Virgni og notkun:

Lamir eru festar í toppkarm gluggans. Þær hafa fastan snúningspunkt nálægt efri hlið gluggafagsins. Þegar opnað er gengur neðri hlutinn fram en efri hlutinn helst í óbreyttri stöðu.

Við notkun er faginu yfirleitt stjórnað með handfangi sem fest er á miðja neðri hlið rammans. Hægt er að festa fagið í loftræstistöðu. Hægt er að fá fagið með útskotsstöng/gluggahaldara til að festa við meiri opnun.

Viðhald:

Lamir og tveggja punkta lokunarbúnað þarf að smyrja með sýrulausri olíu a.m.k. einu sinni á ári. Annan lokunarbúnað þarf ekki að smyrja. Vísað er í kafla 01 – Almenn viðhald vegna þéttlista og glerjunarborða.



VELTIGLUGGI

Virgni og notkun:

Með veltilöfum er hægt að ýta faginu út og snúa því heilan hring fyrir utan karminn. Með þessum hætti er hægt að þrifa ytra borð fagsins innan frá.

Staðalbúnaður á veltigluggunum okkar er mattkrómað staðalgríp og tveggja punkta lokunarbúnaður. Hægt er að snúa gluggafaginu 180° fyrir utan húsvegginn. Faginn er búinn barnalæsingum sem komið er fyrir í falsinu. Þessi læsing festir fagið þegar það hefur verið opnað um það bil 10 cm. Við meiri opnun þarf að opna læsinguna. Eftir það er hægt að snúa rammanum í hring þannig að ytra borðið snúi inn. Þá virkjast barnalæsingin aftur, nú sem festing fyrir þrif. Byrjið aldrei að þrifa gluggann nema fagið sé í læstri stöðu.

Faginu er stjórnað með gripi á miðjum neðsta hluta fagsins og með 1 - 2 cm opnun er hægt að festa fagið í loftræstistöðu. Hægt er að opna fagið í hvaða stöðu sem er en þess ber að gæta að þá er það ekki tryggt gagnvart vindi eða öðru álagi.

Viðhald:

Til að tryggja góða virkni gluggans getur verið nauðsynlegt að smyrja stjórnbrautir öðru hvoru t.d. með sýrulausri olíu, jurtaolíu eða kísilúða. Tveggja punkta lokunarbúnað skal smyrja a.m.k. einu sinni á ári.



Barnalæsing opnuð
Gluggafagið er opnað u.þ.b. 5 cm
og læsingunni er lyft.



FASTUR KARMUR

Virgni og notkun:

Með föstum karmi er átt við glugga sem ekki er hægt að opna og því er engin virkni sem tengist þeim.

Viðhald:

Við er í kafla 01 Almenn viðhald – um skipti á gleri í lokuðum fögum. Ekki er um annað viðhald, smurningu eða þess háttar að ræða.



TOPPSTÝRÐUR GLUGGI

Virgni og notkun:

Lamir gluggans (brautarlamir) eru festar efst á hliðarkarmana og á efsta hluta fagsins. Við opnun er neðri hluta fagsins þrýst út og um leið færast efri hluti þess örlítið niður.

Viðhald:

Staðalbúnaður á toppstýrðu faginu okkar er mattkrómað handfang og tveggja punkta lokun. Faginu er stýrt út frá toppi. Við opnun gengur fagið að hámarki 20 cm niður þar til efsti kantur þess stöðvast með stoppbúnaði. Fagið er í jafnvægi allan tímann sem það er á hreyfingu, þ.e.a.s. ekki þarf að nota neitt afl til að bera fagið, aðeins til að breyta stöðu þess.

Faginu er stjórnað með gripi á miðjum neðsta hluta rammans. Við opnun er hægt að festa fagið í loftræstistöðu, við 1 - 2 cm opnun að neðan. Við meiri opnun er faginu stjórnað með viðnáms-hemlum í toppstýrilömunum. Hægt er með einföldum hætti að stilla viðnámið og við þær aðstæður þarf að gæta þess að viðnámskrafturinn sé sá sami beggja vegna. Vert er að taka fram að viðnámshemlarnir tryggja ekki stöðu fagsins við mikla opnun.

Tveggja punkta lokunina þarf að smyrja a.m.k. einu sinni á ári. Við er í kafla 01 - Almenn viðhald um viðhald á þéttlistum og glerjunarborðum.



1. Stilling á faginu (Upp/niður) skrufan er losuð eins og sýnt er.



2. Fagið stillt í þá hæð sem óskað er og skrufan hert.



3. Stilling á viðnámshemlum. Rennikubburinn í viðnáms-hemlum er hertur með sex-kanti eins og sýnt er á myndinni.

HLIÐARHENGÐUR GLUGGI

Virkni og notkun:

Lamir fagsins eru festar á hliðarkarm og hliðarfag. Fagið er annaðhvort búið tveggja punkta lokun eða gluggakrækjum. Fög með gluggakrækjum eru með stormjárni sem getur haldið faginu stöðugu í u.þ.b. 90 cm opnun. Gluggum með tveggja punkta lokun er stjórnað með einföldu gripi á lokunarhlið fagsins og hægt er að festa fagið í loftræstistöðu við 1 - 2 cm opnun. Í opinni stöðu er hægt að stjórna faginu með viðnámshemlum.

Þess ber að gæta að viðnámshemlarnir tryggja ekki stöðu fagsins við mikið vindálag.

Tvöfaldir gluggar geta verið búnir opnanlegum millipósti til að uppfylla kröfur um flóttaleið við bruna, þ.e.a.s. millipósturinn er festur með hlaupjárnnum efst og neðst. Þegar fjarlægja á millipóstin eru járnin losuð og þá er hægt að þrýsta póstinum út.

Staðalbúnaður á hliðarhengdu gluggunum okkar eru gluggakrækjur sem lokunarbúnaður.

Viðhald:

Lamirnar skal smyrja með sýrulausri olíu a.m.k. einu sinni á ári - annan lokunarbúnað þarf ekki að smyrja. Vísað er í kafla 01 - Almenn viðhald um upplýsingar um viðhald á þéttiköntum og glerjunarborða.



Stilling á hliðarhengdri lóm (með lamajárni).



Stilling á viðnámshemlum. Rennikubburinn í viðnáms-hemlunum hertur (sexkantur) eins og sýnt er.

HLIÐARSTÝRÐUR GLUGGI

Virkni og notkun:

Með hliðar stýrðum lómum er hægt að opna fagið u.þ.b. 90° – í nokkrum tilvikum 180° – þannig að hægt er að þrifa ytraborð rúðunnar innan frá.

Faginu er lokað með gluggakrækjum eða stjórnað með gripi á því miðju. Hægt er að halda fagi með gripi í 1 - 2 cm loftræstistöðu. Við aðrar opnanir er hægt að stjórna faginu með viðnáms-hemlum, en þess ber að gæta að það tryggir ekki stöðu fagsins við mikið vindálag.

Viðhald:

Tveggja punkta lokun þarf að smyrja að minnsta kosti einu sinni á ári.



1. Upp/niður stilling á faginu skruflan er losuð eins og sýnt er.



2. Fagið er stillt í þá hæð sem óskað er og skruflan hert.



Stilling á viðnámshemlum. Rennikubburinn í viðnáms-hemlunum er hertur með sexkanti eins og sýnt er á myndinni.

TVÍVIRKUR GLUGGI



Virkni og notkun:

Tvívirkur gluggi gengur inn og hefur bæði hliðarvirkni og botnfesta virkni. Hliðarvirknin hefur fyrst og fremst hlutverk í tengslum við þrif á ytra borði rúðunnar en botnfestingin er notuð við daglega loftræstingu og útloftun.

Faginu er stjórnað með handfangi á hlið þess og þegar það er lokað snýr handfangið niður. Mismunandi er eftir framleiðendum hvort handfanginu er snúið í lárétta stöðu til að opna og í lóðrétta stöðu til að loka eða öfugt. Við fullan snúning í botnfestri stöðu er u.þ.b. 10 cm opnun að ofan, þó er þetta talsvert háð hæð fagsins.

Viðhald:

Lokunarhluta lamanna skal smyrja a.m.k. einu sinni á ári. Að öðru leyti er vísað í kafla 01 - Almenn t viðhald vegna upplýsinga um viðhald á þéttlistum og glerjunarborða.



1. Stilling á faginu (hliðarútgáfu). Snúnings-/vendilamirnar má stilla með því að losa fyrst skrufurnar þrjár sem festa lamirnar.




2. Síðan er hægt að nota sexkant til að losa og herða lamirnar.



Stilling á faginu (upp/niður). Gluggafagið er opnað og lóm við bakhlið rammans snúið (sexkantur).



1. Stilling á faginu (inn/út). Gluggafagið er opnað og kólf-inum við lómna snúið (sexkantur).



2. Kólfunum á sjálfu gluggafaginu snúið (sexkantur) og faginu lokað.



ÚTIHURÐIR

Virkni og notkun:

Útihurð getur opnast út og inn. Alla jafna er útihurð með þriggja punkta læsingu á þeirri hlið sem hurðarhúnninn er, og miðpunkturinn er þá virkur við almenna notkun á hurðarhúninum. Neðsti og efsti punkturinn eru virkjaðir með því að lyfta húninum upp og þá er hægt að læsa hurðinni. Hurðin getur verið með hurðarpumpu eða raflokunarbúnaði.

Staðalbúnaður á útihurð er þriggja punkta læsing og skrá fyrir sílinder. Sílinderinn er dropalaga og hægt er að fá hann í lyklakerfi. Við daglega notkun, þar sem ekki er þörf á að læsa hurðinni, er hún notuð með hefðbundnum hætti. Ef þörf er á að nota þriggja punkta læsinguna eða læsa hurðinni, er húninum snúið upp.

Viðhald:

Lamir og skrár eru smurðar með sýrulausri olíu a.m.k. einu sinni á ári – annan lokunarbúnað þarf ekki að smyrja.

TVÍVIRK HURÐ

Virgni og notkun:

Virgni og notkun á tvívirkri hurð (hurð af sólpalli eða svalahurð) er í meginatriðum eins og lýst er um tvívirka glugga.

Viðhald:

Lokunarpunkta skal smyrja a.m.k. einu sinni á ári. Vísað er í kafla 01 - Almennit viðhald vegna upplýsinga um viðhald á þéttlistum og glerjunarlistum.



1. Stilling á hurðarblaði (hliðar-útgáfa). Snúnings-/vendilamirnar má stilla með því að losa fyrst skrúfurnar þrjár sem festa lamirnar.



2. Síðan er hægt að nota sexkant til að losa og herða lamirnar.



Stilling á hurð (upp/niður). Hurðarfagið er opnað og lóm við bakhlíð rammans snúið (sexkantur).



1. Stilling á ramma (inn/út). Hurðarfagið er opnað og kólfnum við lömina snúið (sexkantur).



2. Kólfnum á sjálfu hurðarfaginu snúið (sexkantur) og faginu lokað.

SVALAHURÐ

Virgni og notkun:

Svalahurðirnar okkar geta opnast inn og út og eru gerðar sem rammahurðir með gleri og e.t.v. fyllingum úr áli. Svalahurð er almennt með þriggja punkta lokun í þeirri hlið þar sem húnninn er og hægt er að virkja alla punkta með því að snúa hún/gripi innanvert 90°. Eftir opnun er hægt að stjórna hurðinni með viðnámshemlum. Viðnámshemlarnir tryggja ekki stöðu hurðarinnar við mikið vindálag.

Svalahurðirnar okkar eru með þriggja punkta læsingu sem staðalbúnaði. Hurðirnar eru með stíglausum viðstöðuhemlum sem gerir það mögulegt að halda hurðinni í hvaða opunarstöðu sem er. Hemlarnir eru jafnframt útbúnir sem stöðvunarbúnaður við u.þ.b. 90° opnun. Í tvöföldum hurðum er annað hurðarblaðið með þriggja punkta skrá. Í hinu blaðinu eru kantrílar, efst og neðst. Þegar þeir eru losaðir er hægt að opna dyrnar. Einnig er hægt að fá svalahurðirnar með gripstýrðum læsingum.

Viðhald:

Lokunarpunktarnir eru smurðir a.m.k. einu sinni á ári. Vísað er í kafla 01 - Almennit viðhald vegna upplýsinga um viðhald á þéttlistum og glerjunarborða.



Stilling á viðnámshemlum. Rennikubburinn í viðnámshemlunum hertur (sexkantur) eins og sýnt er.



Stilling á hliðarhengdri lóm (með lamajárni).

RENNIHURÐ MEÐ TVÍVIRKRI OPNUN


Virkti og notkun:

Hurðin samanstendur af föstum hluta og rennanlegum hluta. Með því að snúa húninum losnar hurðarblaðið og færist frá karminum. Síðan rennur hurðarblaðið inn að neðan og rennur síðan fram hjá fasta hlutanum.

Við lokun og læsingu þarf að tryggja að hurðarblaðið falli alveg að karminum áður en húninum er snúið til að læsa hurðinni.

Viðhald:

Lokunarpunktarnir eru smurðir a.m.k. einu sinni á ári. Vísað er í kafla 01 - Almennt viðhald vegna upplýsinga um viðhald á þéttlistum og glerjunarborða.



1. Stilling á hurðarblaði (upp/niður). Hlíf við botnhluta fagsins er tekin af.



2. Hurðarblaðið stillt í þá hæð sem óskað er (sexkantur) síðan er hlíf sett á aftur.



Stilling á hurðarblað (inn/út). Kólfunum á sjálfu gluggafaginu er snúið (sexkantur) eins og sýnt er og síðan er faginu lokað.

UTANÁLIGGJANDI RENNIHURÐ

Virkti og notkun:

Rennihurð samanstendur af föstum hluta og „rennanlegum“ hluta. Við notkun er öðrum hlutanum rennt meðfram hinum utan á karminum. Hurðarblaðinu er læst með fjórum lásnum sem opnaðir eru til að hægt sé að opna hurðina og lokað að notkun lokinni. Hægt er að stilla hæðina á rennihluta hurðarinnar með tveimur rennihjólum.

Viðhald:

Rennihjólín þarf að smyrja a.m.k. einu sinni á ári. Vísað er í kafla 01 - Almennt viðhald vegna viðhalds á þéttlistum og glerjunarborðum.



Stilling á hurðarblaði (upp/niður). Fagið er stillt í þá hæð sem óskað er með ró sem er á sjálfri hjólafestingunni eins og sýnt er.

RENNIHURÐ

Virkti og notkun:

Rennihurð samanstendur af föstum hluta og „rennanlegum“ hluta. Með því að snúa húninum er hurðarblaðið losað úr tengslum við karminn og þá er hægt að renna því fram hjá fasta hluta einingarinnar. Við opnun þarf að ýta hurðarblaðinu alveg út í „læsta stöðu“ áður en hægt er að renna því til hliðar.

Við lokun og læsingu þarf að gæta þess að húninn sé kominn alveg í læsingarstöðu (lóðrétt staða).

Viðhald:

Lokunarpunktarnir eru smurðir a.m.k. einu sinni á ári. Vísað er í kafla 01 - Almennt viðhald vegna upplýsinga um viðhald á þéttlistum og glerjunarborða.



03

LOFTRÆSTING

Nýir gluggar eru alla jafna mjög loftþéttir og því er þörf fyrir kerfisbundnari loftræstingu húsnæðisins en þegar um eldri og óþétta glugga er að ræða.

Ef döggy myndast innan á tvöföldu einangrunargleri í venjulegum vistarverum á kvöldin og næturnar þegar útihitastig er 0 °C eða lægra er það vísbending um að loftið í húsnæðinu sé of rakt.

Veitið eftirfarandi atriðum athygli:

- Nýir gluggar eru mun loftþéttari en gamlir. Þegar skipt hefur verið um glugga er því meiri þörf fyrir loftræstingu en áður.
- Nýbyggð hús þarf að loftræsta meira en eldri hús.
- Þurrkunarferlið getur oft tekið meira en ár. Þetta á líka við um breytingar og viðbyggingar.
- Fullorðin manneskja – eða miðlungsstór hundur – skilar út um 2 lítrum af vökva á dag.
- Rakavandamál aukast þegar lofthiti er lækkaður og minnka þegar hann er hækkaður. Jafnvel stutt hitalækkun á næturnar getur myndað þéttivatn á rúðunum.
- Finna þarf jafnvægi þar sem besti árangur næst annars vegar í orkusparnaði og hins vegar í vörn gegn rakavandamálum.
- Þétt gluggatjöld og breiðir sólbekkir geta myndað kyrrstöðu lofts við rúðurnar þannig að loftið verður kalt og rakt og myndar döggy á glerinu.
- Á dögum þegar veður er stillt færir sólin meira af ókeypis hita en tapast við venjulega útloftun.
- Ónóg loftræsting skapar slæmt innloft. Það getur valdið hósta, höfuðverk, sviða í augum, útbrotum og ofnæmi í öndunarvegi.




HOLLRÁÐ UM LOFTRÆSTINGU

Í leiðbeiningum SBI nr. 76 eru nokkrar hagnýtar reglur um loftræstingu húsnæðis. Leiðbeiningarnar (5. útgáfa 1997) eru settar fram á næstu síðu.

KOMIST HJÁ RAKASKEMMDUM – OPNIÐ GLUGGANN

- Loftið í íbúð getur fljótt orðið of rakt t.d. vegna matseldar, þvotta, baða og vökvunar pottaplantna. Rakt loftið getur valdið rakaskemmdum (myglublettum) og haft óheilsusamleg áhrif (m.a. rykmaurar).
- Margir halda að íbúð „loftræsti sig sjálf“, en það á sjaldan við. Íbúarnir þurfa því sjálfir að sjá til þess að loftað sé nægjanlega út til að fjarlægja þann raka sem myndast í íbúðinni.
- Í nýrri húsum er alla jafna vérlænn loftræstibúnaður sem fjarlægir rakann í eldhúsum og baðherbergjum með útsogsviftum í eða nálægt lofti. Þær þurfa að vera opnar og þeim þarf að halda hreinum svo að þær virki. Oft má líka finna víftur í eða nálægt gluggum. Héðan kemur það loft sem síðan er sogað út í gegnum eldhús og baðherbergi. Þessum viftum verður ævinlega að halda hreinum.
- Í eldri húsum með „dragrúðum“ – litlum loftræstirúðum – getur verið nauðsynlegt að hafa þær alltaf svolítið opnar til að fá nægjanlega mikið af fersku lofti.
- MUNIÐ: Loftið nægjanlega mikið út til að ekki myndist dökk á rúðunum.
- Jafnvel þó spara eigi kyndikostnað þá má sparnaðarákefðin ekki leiða af sér rakt innloft og slæm loftgæði.
- Það verða minnst rakavandamál ef öllum herbergjum er haldið í nokkurn veginn sama lofthita.
- Í nýbyggðum íbúðum getur myndast byggingaraki. Loftið því sérlega mikið út á fyrsta ári eftir að flutt er inn í nýja íbúð.
- Endurnýjun eða þétting hurða eða glugga geta gert íbúð svo þétta að nauðsynlegt reynist að lofta oftár út en áður.
- Það á sérstaklega við þar sem reykt er. Mikilvægt er að halda útloftunarviftum opnum eða láta „dragrúðurnar“ vera svolítið opnar.
- Hafið annars strax samband við húsvörð eða umsjónarmann ef upp koma rakavandamál. Vandamál er auðveldast að leysa ef gripið er inn í strax.
- MUNIÐ: Gott innloft byggist á góðri loftræstingu.



Í SETUSTOFUNNI

- Loftið út nokkrum sinnum á dag eða notið loftrist ef hún er til staðar.
- Aukið útloftun ef dögg sest á rúðurnar.
- Ekki loka alveg fyrir hitann í herbergjum sem ekki eru notuð.
- Setjið ekki skápa eða stór húsgögn þétt upp við útvegg – það þarf að vera hreyfing á loftinu á bak við, annars geta myndast myglublettir á veggnum.



Í ELDHÚSINU

- Lokið aldrei eða stíflað loftræstingu.
- Opnið loftrist alveg eða látið eldhúsviftu eða gufugleypi á fullan kraft þegar verið er að matreiða.
- Setjið lok á potta við matargerð, þá fer ekki eins mikill raki út í eldhúsið.
- Loftið vel út meðan á matseld standur og að henni lokinni.



Í SVEFNHERBERGINU

- Loftið út og sjáið til þess að rúmfötin fái loftun á hverjum morgni.
- Snúið dýnuni öðru hvoru.
- Látið ekki svefnherbergi vera alveg óupphituð.
- Ef dögg myndast á rúðum, þarf að sjá til þess að lofta betur út, annaðhvort með aðgengi að útilofti eða lofti frá öðrum herbergjum húsnæðisins.



Í BAÐHERBERGINU

- Lokið aldrei eða stíflað loftræstingu.
- Reynið að komast hjá því að þvo og sérstaklega þurrka þvott í íbúðinni, en ef ekki verður hjá því komist, notið þá baðherbergið og tryggið góða útloftun.
- Loftið vel út eftir bað.
- Heitt og rakt loft frá þurrkara skal leiða beint út.

10 ÁRA ÁBYRGÐARYFIRLÝSING

Þeir ábyrgðarskilmálar sem settir eru fram hér á eftir gilda um allar pantanir frá 1. janúar 2001 að telja.

1. GLUGGAR OG HURÐIR

- Þessi ábyrgð er veitt af PRO TEC VINDUER A/S. Hún dregur ekki úr eða breytir á neinn hátt þeim réttindum sem samningur og/eða lög veita gagnvart BM Vallá sem birgja eða þriðja aðila sem verktaka eða gagnvart PRO TEC VINDUER A/S. Um ábyrgð BM Vallá sem birgja sjá nánar viðskiptaskilmála fyrirtækisins sem birtir eru á heimasíðu þess www.bmvalla.is.
- Ef kvartað er undan verksmiðju- eða efnisgalla innan 10 ára frá afhendingu PRO TEC VINDUER veitir ábyrgðin réttindi gagnvart PRO TEC VINDUER A/S í samræmi við lið 3. Framleiðslutíminn er merktur á vöruna. Ef nauðsyn ber er það viðskiptavinarins að staðfesta afhendingartíma.
- Ef kvartað er með réttu yfir framleiðslu- og/eða efnisgalla innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í lið 2, skuldbindur PRO TEC VINDUER A/S sig til að bæta gallann eða, ef nauðsynlegt reynist, að afhenda nýja vöru að kostnaðarlausu. PRO TEC VINDUER A/S bætir þó ekki á grundvelli þessarar ábyrgðar kostnað við að fjarlægja gömlu vöruna og setja þá nýju í og það sama á við um hvers konar vinnu sem hlýst af endurnýjun vörunnar, slíkt er ekki hluti af þessari ábyrgð. Ef varan er á kvörtunartíma og er ekki lengur í framleiðslu, áskilur PRO TEC VINDUER A/S sér rétt til að láta í té aðra hliðstæða vöru. Ef unnt er að bæta úr framleiðslu-/efnisgallanum á ásættanlegan hátt með viðgerð eða með því að skipta út hluta vörunnar, geta PRO TEC VINDUER A/S valið þá lausn í staðinn. Viðgerðin eða útskipting á hluta vörunnar er þá að kostnaðarlausu.
- Þessi ábyrgð veitir ekki réttindi umfram það sem kemur fram í lið 3.
- Kvörtun vegna framleiðslu-/efnisgalla skal berast innan sanngjarns tíma eftir að gallinn uppgötvast eða hefði átt að uppgötvast. Kvörtunina skal setja fram við þann verktaka/birgi sem afgreiddi vöruna.
- Þessi ábyrgð gildir ekki ef framleiðslu-/efnisgallan má rekja til rangrar ísetningar, skorts á eða ónógu viðhaldi, eða rangrar meðferðar. Vísað er í notkunarleiðbeiningar PRO TEC VINDUER A/S.
- Hvað varðar viðarhluta glugganna, sem eru yfirborðsmeðhöndlaðir frá verksmiðjunni, er einkum bent á notkunarleiðbeiningar og „Væntanleg niðurstaða af viðareiningum sem hafa hlotið iðnaðaryfirborðsmeðferð“. (Fylgirit 16 í Tækniákvæðum gluggaiðnaðarins. Hægt er að nálgast ákvæðin hjá PRO TEC VINDUER A/S). Mikilvægt er að ytri flötum gluggans sé viðhaldið með þrífum tvisvar á ári til að halda endingu yfirborðsmeðferðarinnar. Ef notkunarleiðbeiningar hafa ekki fylgt við afhendingu er hægt að nálgast þær með því að hafa beint samband við PRO TEC VINDUER A/S eða BM Vallá í síma 412 5000.

8. Þessi ábyrgð gildir ekki ef um er að ræða galla sem koma til vegna aðstæðna sem eru utan við eðlilega meðferð og notkun. Gallan sem til dæmis má rekja til rangrar geymslu, flutnings eða ísetningar milliliðs/verktaka er ekki hægt að fá endurbættu hjá PRO TEC VINDUER A/S með vísan til þessarar ábyrgðar.

9. Þessi ábyrgð gildir einungis fyrir vörur í Danmörku, þó að undanskildu Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

10. Á ytrabryði rammahurða er veitt 10 ára ábyrgð - þó aðeins 5 ára ábyrgð á frauðbornum plötuhurðum.

2. EINANGRUNARRÚÐUR

PRO TEC VINDUER A/S veita 10 ára ábyrgð frá framleiðsludegi á ryk- og móðuleysi inni í einangrunarrúðum sem settar hafa verið í hurðir/glugga.

Ábyrgðin er skilyrt af:

- Framleiðslutími (mánuður og ár) kemur fram á lista rúðunnar.
- Rúðan hefur verið þrífur rétt og varin á byggingartímabilinu.
- Rúðan hefur ekki skemmt vegna ytri áhrifa, hefur t.d. ekki orðið fyrir höggi, slögum og ekki hefur verið um að ræða hreyfingar í nærstæðum einingum eða þess háttar.
- EKKI hafa orðið skemmdir í kjölfar frostsprungna, annarra hitaáhrifa eða efnaáhrifa á glerið.
- EKKI hefur verið unnið við glerið eftir ísetningu, t.d. með slípun, sandblæstri, tæringu, málnu, álímingu eða annarri yfirborðsmeðferð.
- Nauðsynlegt, reglubundið viðhald ramma/karms hefur farið fram.

Rúðum sem eru með „ásettum“ og/eða „innbyggðum einingum“ svo sem blýrúður, öryggisvarnarkerfi, gardínur o.s.frv. fylgir almennt engin ábyrgð.

3. RAFBÚNAÐUR

Veitt er eins árs ábyrgð á öllum rafbúnaði.

DVC - DÖNSK GLUGGAVOTTUN (DANSK VINDUES CERTIFICERING)

Allir félagar í samtökum gluggaframleiðanda eru tengdir Danskri gluggavottun (DVC), sem tryggir eftirlitsbundin gæði.


Dönsk gluggavottun er algjörlega óháður eftirlitsaðili, sem er tengdur Tæknafræðingum (Teknologisk institut), og aðild að DVC þýðir að a.m.k. einu sinni á ári fer fram kerfisbundið eftirlit á vörum fyrirtækisins og gæðastjórnun.

Með DVC-kerfinu eru gerðar kröfur til framleiðenda, m.a. hvað varðar stjórnun, gæðastjórnun, byggingu varanna, gæði efnisins og vinnuferli.

Meðal félaga í gluggaiðnaðinum eru framleiðendur glugga og útihurða úr víði, víði og áli, plasti og áli og tryggt er að vörurnar eru DVC merktar.

Ef óskað er frekari upplýsinga um DVC og þær kröfur sem gerðar eru til DVC - merkta vara, er vísað á heimasíðuna www.dvc-vinduer.dk.





BM-VALLÁ

Stórhöfði 23 :: 110 Reykjavík
Sími: 412 5000 :: bmvalla.is